

Nr. 138/1984.

**Hraðfrystihús Keflavíkur h/f**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

**gegn**

**Gesti Gestssyni**

(Arnmundur Backman hrl.)

*Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál. Sjómannaög. Sjóveðréttur.*

Sjóveðréttur dæmdur í skipi til tryggingar greiðslu launa í veikindaförföllum. G, skipverji á togara H h/f, veiktist í veiðiferð skipsins. G hafði farið fram á að fá frí er veiðiferðinni lyki og fengið vilyrði fyrir því. Hann krafðist staðgengilslauna í veikindaförföllum sínum. H h/f taldi G ekki eiga rétt á staðgengilslaunum þar sem hann hefði verið búinn að fá frí í næstu veiðiferð er hann veiktist. - Krafa G var tekin til greina skv. ákvæði 1. ml. 3. mgr. 18. gr. sjómanna laga nr. 67/ 1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1984. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 1. ml. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 16.000,00 krónur.

Dómsorð: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Hraðfrystihús Keflavíkur h/f, greiði stefnda, Gesti Gestssyni, 16.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 25. maí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var ljCk maí sl., hefur Gestur Gestsson sjómaður, nnr. 2604-5320, Nýlendu, Garði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. janúar 1984, á hendur Hraðfrystihúsi Keflavíkur h/f, nnr. 4295-7402, við Vitastíg, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr.

8.250,63 með 45% ársvöxtum frá 1.6. 1983 til 21.9. 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983^ en 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en 17% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Ennfremur gerir stefnandi kröfu um, að viðurkennt verði sjóveð fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum i b.v. Aðalvík KE-95.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá gerir stefndi þá kröfu að málskostnaður verði felldur niður, tapi stefndi málinu.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að frá 16. febrúar 1983 hafi hann verið lögskráður skipverji á b.v. Aðalvík KE-95, sem er 451 smálesta skuttogari í eigu stefnda. Stefnandi kveðst hafa óskað eftir fríi, eftir að veiðiferð lyki þann 17.5. 1983, en samkv. kjarasamningum eigi hann rétt til að taka sér launalaust frí fjórðu hverja veiðiferð. Hann hafi fengið vilyrði fyrir því fríi. Fyrir lok síðustu veiðiferðar fyrir hið launalaus frí hafi hann veikt og verið veikur þann tíma, er veiðiferð sú stóð yfir, er hann ætlaði að taka fríð í.

Krafa stefnanda er krafa um staðgengilslaun í veikindaförföllum, sem sundurliðast þannig:

Hásetahlutur í umræddri veiðiferð ..... kr. 7.489,00

Orlof 10,17% ..... ? 761,63

Samtals kr. 8.250,63

Stefnandi byggir kröfu sína á 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49/1980 um breytingar á þeim lögum og eðlilegri lögskýring á því lagaákvæði. Þá vísar stefnandi til 28. gr. kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna. Krafa um orlof er studd lögum nr. 87/1971 með síðari breytingum, sbr. 1. nr. 90/1982, um hlutfall orlofs af launum, og einnig styðst krafan um orlof við 31. gr. Í framangreindum kjarasamningi.

Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 184. gr. sömu laga. Krafa um sjóveð styðst við 2. tl. 216. gr. 1. nr. 66/1963.

Megin málsástæður stefnda eru þær, að þar sem stefnandi hafi beðið um frí í næstu veiðiferð, áður en hann veiktist, þá hafi hann ekki misst af neinum vinnutekjum og geti þar af leiðandi ekki átt kröfu á veikindakaupi. Stefnandi eigi ekki að hafa fjárhagslegan ábata af því að forfallast, þannig að hann fái greidd vinnulaun fyrir það tímabil, er hann hefði hvort eð er ekki unnið og þar af leiðandi ekki haft tekjur. Slíkt sé í andstöðu

86

við þau grundvallarsjónarmið að menn eigi ekki að hagnast af veikindum sínum. Þá mótmælir stefndi því, að orðalag í greinargerð með lögum nr. 49/1980 feli í sér viðurkenningu á kröfu stefnanda, þar sem skýr ákvæði í lagatextanum vanti til þess að skylda útgerðarmann til að greiða sjómanni forfallakaup vegna frítúra. Hafi það verið ætlun löggjafans að gera óvinnufæran sjómann betur settan en ef hann væri vinnufær, þá þyrfti skýr ákvæði um það í lögum.

Aðilja- og vitnaskýrslur hafa ekki verið gefnar fyrir dóminum.

*Niðurstæða.*

Samkvæmt 24. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna frá 1983 skulu skipverjar á skuttogurum eiga rétt á frí fjórðu hverja veiðiferð. Frí þau, sem sjómenn á skuttogurum taka sér, eru ólaunuð. Eigi verður séð af kjarasamningum né lögum, að sjómenn á þessum skipum geti átt vísan orlofs- eða frítíma á annan máta, svo sem tíðkast hjá

landverkafólki. Í 28. gr. tilvitnaðs kjarasamnings er vísað til sjómannalaga um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilvikum skipverja.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/ 1963 sbr. 1. nr. 49/1980, en þá var 18. greininni breytt og m.a. lögfest ákvæði um laun skipverja í launalausú fríi. Þar segir, að veikist eða slasist skipverji í launalausú fríi, taki hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju.

Ekki verður talið, að ákvæði þetta skerði rétt þeirra skipverja, er slasast eða veikjast við vinnu sína, en áttu síðar að fara í launalaust frí enda er sú lögskýring sett fram í athugasemdum við lagafrumvarpið og í umræðum um það á Alþingi. Það er óumdeilt í máli þessu, að stefnandi veiktist við vinnu sína, áður en veiðiferð lauk þann 17.5. 1983. Stefnandi átti að fara í frí næstu veiðiferð á eftir, en var samkvæmt læknisvottorði óvinnufær þá veiðiferð alla.

Dómurinn álitur, að vegna veikinda sinna hafi stefnandi ekki verið í launalausú fríi á umræddu tímabili og hafi því átt rétt á forfallalaunum.

Ber því að taka stefnukröfu hans til greina, en ágreiningur er hvorki um tölulegan útreikning né vaxtakröfu.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem skv. málskostnaðarreikningi stefnanda nemur kr. 11.554.00, og þykir sú upphæð hæfileg.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð:**

Stefndi, Hraðfrystihús Keflavíkur h/f, greiði stefnanda, Gestu Gestssyni, kr.

8.250,63 með 45% ársvöxtum frá 1.6. 1983 til 21.9. s.á., en með 37% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. s.á., en með 34% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., en með 23% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, en með 17% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 11.554,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í b.v. Aðalvík KE-95, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.